



Fundargerð

25. fundur byggingarnefndar vegna rakaskemmda í stofnunum Reykjanesbæjar
haldinn að Tjarnargötu 12, 15. júní 2023 kl. 14:00

Viðstaddir: Friðjón Einarsson formaður, Grétar I. Guðlaugsson, G. Hans Þórðarson
verkefnisstjóri frá OMR verkfræðistofu. Fundargerð ritaði Guðlaugur H. Sigurjónsson.

Forföll boðuðu Kjartan Már Kjartansson og Guðmundur Björnsson.

Gestir fundarins voru: Ásgerður Þorgeirsdóttir skólastjóri Njarðvíkurskóla, Hanna
Málmfríður Harðardóttir leikskólastjóri Heiðarsels, Viggó Magnússon frá Arkís, Guðrún
Jóna Jónsdóttir frá Verkís og Dagmar Skúladóttir frá Verkís.

* * *

1. Njarðvíkurskóli – Björkin

Farið var yfir stöðu mála um framtíð húsnæðisins og hvert sé hægt að færa starfsemi
þess tímabundið. Byggingarnefnd er sammála um að húsnæðið henti ekki lengur
starfsemi Bjarkarinnar og nauðsynlegt er finna nýtt húsnæði sem fyrst.

2. Heiðarsel

Farið var yfir stöðu mála. Vinnan við leikskólann verður áfangaskipt og rætt var um
hvernig best sé að halda starfseminni gangandi á meðan framkvæmdir standa yfir
eins og t.d. að fá lausar einingar sem myndu standa allan framkvæmdartímann svo
að starfsemin skerðist sem minnst.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.00

Næsti fundur verður í Ráðhúsi Reykjanesbæjar fimmtudaginn 29. júní kl. 14:00